



Velferðarnefnd Alþingis

Sent með tölvupósti á
nefnasvid@althingi.is

Hafnarfirði 11. nóvember 2023

Efni: Umsögn Sorgarmiðstöðvar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sorgarleyfi, nr. 77/2022 (makamissir), 264. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að foreldrar barna yngri en 18 ára, sem missa maka sinn, fái sömu heimild til sorgarleyfis og foreldrar sem missa barn, samkvæmt núgildandi lögum nr. 77/2022. Jafnframt er foreldrum utan vinnumarkaðar tryggður sorgarstyrkur, missi þeir maka.

Sorgarmiðstöð hefur þann tilgang að styðja syrgjendur og þau sem vinna að velferð syrgenda, m.a. með því að beita sér fyrir lagalegum úrbótum í réttindamálum þeirra. Með frumvarpinu eru lagðar til mikilvægar réttarbætur fyrir eftirlifandi foreldri barna undir 18 ára. Það er auk þess mat Sorgarmiðstöðvar að þessi réttarbót muni skipta sköpum í sorgarúrvinnslu foreldra sem missa maka og gera þeim kleift að standa betur við bakið á börnum sínum og eiga möguleika á að koma sterkar til baka út í samfélagið.

Sorgarmiðstöð fagnar innilega þessu frumvarpi og leggur til að það verði samþykkt sem lög frá alþingi. Að því sögðu styður Sorgarmiðstöð einnig þær tillögur sem koma frá aðildarfélagi sínu, Gleyrn mér ei, er varða 8. og 20 gr. laganna.

f.h. Sorgarmiðstöðvar,
Hrannar Már Ásgeirs Sigrúnarson,
Formaður stjórnar